

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra
vegna hótels og íbúða í landi Norður-Nýjabæjar.**

Skipulagsstofnun staðfesti 13. febrúar 2025 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. desember 2024.

Í breytingunni felst stækkun á verslunar- og þjónustusvæði VP23 úr 1 ha í 3,8 ha, með heimildum fyrir hótélbyggingu allt að 5.000 m² á 3 hæðum og allt að 200 gistirúm. Heimilt verður að vera með fasta búsetu starfsfólks í allt að 12 íbúðum. Einnig verður heimilt að reka hreinlega iðnaðarstarfsemi á svæðinu m.a. trésmiðju. Skilgreind er ný 1 ha íbúðarbyggð (ÍB6) fyrir allt að 3 íbúðalóðir og allt að 5 íbúðir.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 13. febrúar 2025.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 27. febrúar 2025